



# Hafnarfjörður

## Minnisblað - 24. janúar 2023

Efni: Minnisblað varðandi umsókn um vinabæjarsamstarf frá úkraínsku borginni Chortkiv, 2301450

Hafnarfjarðarbær er aðili aðili að norrænu vinabæjarkeðjunni ásamt Bærum í Noregi, Frederiksberg í Danmörku, Hämeenlinna í Finnlandi og Tartu í Eistlandi.

Á vinabæjarmóti norrænu vinabæjarkeðjunnar í Uppsala í Svíþjóð í maí 2022 var stríðið í Úkraínu meðal annars til umræðu og farið yfir hvernig móttaka flóttamanna í hverjum bæ hefði gengið fyrir sig. Í formlegum umræðum á vinabæjarmótinu var farið yfir það hvort áhugi væri á að bjóða vinabæ frá Úkraínu í vinabæjarkeðjuna en sveitarfélög í Svíþjóð hafa verið hvött af stjórnvöldum til þess að koma á fót vinabæjarsamstarfi við Úkraínskar borgir. Borgarstjóri Uppsala sá mikil tækifæri í því að tengja borgina við vinabæjarkeðjuna alla en sögu vinabæjarkeðjunnar má rekja til seinni heimsstyrjaldarinnar og Tartu bættist í vinabæjarsamstarfið við fall Sovétríkjanna 1991.

Á fundinum var borgarstjóra Uppsala og borgarstjóra Tartu falið að skoða málið nánar. Borgarstjóri Tartu var á þeim tíma í samtali við borgarstjóra Lviv um mögulegt samstarf og stuðning við uppbyggingu en í umræðunni kom fram að sveitarfélög í Svíþjóð og Danmörku mega ekki senda fjárstuðning en mega senda búnað.

---

Andri Ómarsson, verkefnastjóri menningar- og markaðsmála